

Nd.

167. Frumvarp til laga

[89. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

1. mgr. 63. gr. orðist svo:

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1957 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra umferðarlaga, sem samið hafði verið af nefnd sérfróðra manna að tilhlutan dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því, að almennar umferðarreglur skyldu gilda, svo sem verið hafði áður, um umferð ríðandi manna á vegum. Var þeim þannig ætlað að vera vinstra megin á vegi, víkja til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma og hleypa fram fyrir sig öðrum vegfarendum á hægri hönd.

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var samþykkt breytingartillaga frá allsherjarnefnd efri deildar þess efnis, að ríðandi menn skyldu vera hægra megin á vegi, víkja til hægri fyrir mótumferð og hleypa vegfarendum fram fyrir sig vinstra megin. Var breyting þessi aðallega studd þeim rökum að hestamenn ættu erfitt með að fylgjast með bifreiðum, sem á eftir þeim koma á sama vegarhelmingi.

Nýmæli þetta hefur ekki reynzt eins vel og til var ætlað, og er talið að það valdi aukinni slyshætti frá því sem áður var. Er ýmislegt sem mælir með þeirri skoðun. Ökumenn og hestamenn þurfa á mun meiri viðbragðsflýti að halda, ef hestar og bifreiðar koma úr gagnstæðum áttum á sama vegarhelmingi, heldur en þyrfti, ef aðilar væru sitt hvorum megin á veginum. Getur þetta valdið mjög aukinni slyshættu, einkum ef útsýn milli aðila er slæm vegna landslags eða dimmviðris. Margir hestar ókyrrast meir en annars, ef ökutæki koma hratt á móti þeim á sama vegarhelmingi, og getur það einnig valdið hættu. Í myrkri draga ljós ökutækja mjög úr sjón reiðmanna og hesta, ekki sízt ef aðalljósmagnið beinist að þeim. Er þá einatt erfitt fyrir hestamanninn að sjá, hvort hættulaust muni vera að víkja út af vegarbrún eða út fyrir veg. Til þess að komast fram hjá hestum getur ökumaður neyðzt til að fara óhæfilega langt inn á veg eða yfir á hægri vegarhelming og valdið þannig hættu fyrir umferð ökutækja, sem á móti koma.

Landssamband hestamanna hefur farið þess á leit að framangreindum umferðarreglum verði breytt.

Leitað hefur verið umsagnar Búnaðarfélags Íslands um málið, og hefur það verið lagt fyrir Búnaðarþing, sem hefur lýst sig fylgjandi því, að breyting sú, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, nái fram að ganga.